

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. S-243/2025

Reykjavík, 22. desember 2025

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um áform um að leggja fram frumvarp til laga um heimild til að stofna sérstakt innviðafélag

Lengi hefur verið til umræðu mikilvægi þess að kraftur verði settur í uppbyggingu nauðsynlegra innviða í þágu almennings. Málið hefur verið rætt, fjölsóttar ráðstefnur og málþing verið haldin enda hefur uppsöfnuð viðhaldspörf innviða verið mikil.

Nú eru áform um að stofnað verði innviðafélag sem fengi skýran ramma til að starfa eftir við að koma á skipulagi fjármögnunar og framkvæmda stórra verkefna.

Árið 2007 gaf Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) út meginreglur sem gagnlegt er að hafa í huga þegar einkafyrirtæki taka þátt í uppbyggingu innviða.¹ Í meginreglunum er m.a. kveðið á um að innviðaverkefnum skuli stýrt af sérhæfðri stjórnsýslueiningu sem búi yfir tilhlýðilegri færni og þekkingu og sé varin gegn þrýstingi frá hagaðilum innviðaverkefna. Jafnframt er þar tiltekið að skipting áhættu á milli hins opinbera og einkaaðila ráðist að mestu af því fyrirkomulagi aðildar einkaaðilanna, þar með talið skyldum hvers um sig. Almannahagmunir eigi ætíð að vera í fyrirrúmi við val á fyrirkomulagi og áhættuskiptingu milli aðila.

Verði faglega og vel staðið að verki við stofnun innviðafélags ætti að geta skapast traustur farvegur sem liðkað gæti fyrir fjárfestingum lífeyrissjóða og annarra stofnanafjárfestinga í innviðaverkefnum. Í þessu sambandi þykir þó rétt að tiltaka það augljósa að þátttaka lífeyrissjóða mun eftir sem áður ávallt byggja á sömu sjónarmiðum og við aðrar fjárfestingar, þ.e. að meta ávöxtun og áhættu í samræmi við fjárfestingarstefnu.

Á vegum LL hefur þeirri spurningu verið varpað fram hvort slíkt félag gæti ekki allt eins komið að uppbyggingu annarra innviðaverkefna en almennt þegar vísað er í innviðaverkefni er átt við uppbyggingu mannvirkja eða kerfa sem þjóna almenningi. Einhugur virðist ríkja um mikilvægi þess að hefjast handa við að skipuleggja á markvissan og öruggan hátt uppbyggingu samgöngumannvirkja en slíkt á einnig við um ýmsa aðra þjóðhagslega mikilvæga innviði.


Mikilvægt er og eftir því hefur verið kallað að hönnuð verði traust og vönduð umgjörð um uppbyggingu innviða. Því vakna spurningar um hvort afmarka þurfi löggjöfina við samgöngumannvirki. Ætla mætti að áþekkur ef ekki sami lagarammi gæti tekið til uppbyggingar annarra innviða sem ætlað er að þjóna almenningi.

¹ OECD (2007) OECD PRINCIPLES FOR PRIVATE SECTOR PARTICIPATION IN INFRASTRUCTURE
<https://www.oecd.org/daf/inv/investment-policy/38309896.pdf>

Eins og fyrr greinir telja LL mikilvægt að litið verði til fyrrgreindra meginreglna OECD við mótun umgjarðar fyrir innviðaverkefni og vilja samhliða beina því til stjórnvalda að huga að því hvort ekki sé vert að rýmka áformin svo unnt sé að beita sömu aðferðafræði við fjármögnun og uppbyggingu annarra mikilvægra innviðaverkefna.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri